

DYRHÓLAEY – VETTVANGSFERÐ JÚNÍ 2017

MINNISBLAÐ

VERKNÚMER:	09300001	DAGS.:	2017-09-10
VERKHLUTI:	009	NR.:	0017
HÖFUNDUR:	Arnór Þórir Sigfússon		
DREIFING:	Umhverfisstofnun		

Efni: Skoðun á fuglalífi í Dyrhólaey

1 Inngangur

Þann 8. júní 2017 var farin vettvangsferð í Dyrhólaey að beiðni Umhverfisstofnunar. Tilgangur ferðarinnar var eins og áður að gera könnun á ástandi fuglalífs í eyinni. Ferðin var endurtekning á sambærilegum ferðum sem farnar voru 8. júní 2009, 9. júní 2010, 6. júní 2011 og 10. júní 2015 og lýst er í minnisblöðum frá Verkís dagsettu 9. júní 2009, 9. júní 2010, 6. júní 2011 og 10. desember 2015.^{1,2,3,4}

Byrjað var að gera nýtt bílastæði í Dyrhólaey vorið 2017, norðan við núverandi bílastæði í Lágey, auk þess sem þar er verið að reisa salernishús. Bílastæðið og salernishúsið eru á svæði þar sem áður var stærsta kríuvarpið í eyinni og óskaði Umhverfisstofnun að áhersla væri á skoðun kríuvarps.

2 Niðurstöður athugunar

Við skoðun á fuglalífi Dyrhólaeyjar var leitast við að endurtaka sambærilegar kannanir frá fyrri árum á sambærilegum tíma, í byrjun júní. Eins og í fyrri athugunum var eingöngu um stutta vettvangsferð að ræða sem var innan við 6 klukkustundir við skoðun og því ekki um magnbundna athugun á fuglavarpi eyjunnar að ræða heldur lauslega athugun á stöðu fuglavarps í eyinni til samanburðar við fyrri ár. Gengið var um þá staði á eyinni þar sem helst var að vænta æðarvarps og kríuvarps samkvæmt reynslu frá fyrri árum og samkvæmt korti NÍ frá 1999⁵ auk svæða sem Þorsteinn Gunnarsson frá Vatnsskarðshólum benti á (1. mynd).


Ætlunin var eins og áður að fá mynd af því hve langt varp væri komið og hugmynd um umfang þess samanborið við fyrri athuganir Verkís^{1,2,3,4} og NÍ frá 1999⁵. Hreiður sem fundust voru merkt inn á kort og tegundir fugla sem þóttu líklegar til að vera í varpi merktar inn en sá listi er þó ekki tæmandi þar sem ekki var farið um alla eyna á kerfisbundinn hátt.

Athugun hófst við vitann á Háey. Farið var niður í lundabala vestan við vitann og sáust þrjár lundar fljúga úr holum auk þess sem ummerki um gröft voru við nokkrar holur þar sem rótað hafði verið út. Fýlar sátu á hreiðrum í brekkunum. Skoðað var í fuglabjörgin á suðuhluta eyjunnar og í dröngum suður af eyinni. Svartfugl var í bælum og virtist liggja á eggjum og ritur á hreiðrum. Svartfuglar sátust á sjó undan vörpunum, þar á meðal teistur. Í urð sunnan undir vitanum sátust 15 bjargdúfur og einnig sátust álkur sitja í urðinni. Á sjó sunnan Dyrhólaeyjar sátust um 383 æðarfuglar þar af 295 blikar og 88 kollur. Uppi á Háey sátust spói og tjaldur, báðir varplegir og hrafn var

- ¹ Verkís 2009. Fuglalíf í Dyrhólaey – vettvangsferð. Minnisblað 9. júní 2009
- ² Verkís 2010. Fuglalíf í Dyrhólaey – vettvangsferð. Minnisblað 9. júní 2010
- ³ Verkís 2011. Fuglalíf í Dyrhólaey – vettvangsferð. Minnisblað 6. júní 2011
- ⁴ Verkís 2015. Fuglalíf í Dyrhólaey – vettvangsferð. Minnisblað 10. desember 2015
- ⁵ María Harðardóttir og Einar Ólafur Þorleifsson 2000. *Fuglalíf í Dyrhólaey*. Unnið fyrir Náttúruvernd ríkisins. 23 s. Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands, NI-00003.



á flugi syðst á eyinni, við Tó. Gengið var austur með brúninni og í Þjófaurð sáust 3 silfurmafshreiður og einnig voru þar 8 bjargdúfur auk þess sem álkur sátu uppi í urðinni



Mynd 1 Kort 1 úr skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2000¹ og birt með leyfi stofnunarinnar. Búið er að bæta inn á kortið grófum útlínum þeirra svæða sem Þorsteinn Gunnarsson nefndi sem helstu æðarvörpin nú og eru þau táknud með ☁

Gengið var með suðurströnd Lágeyjar og sást þar maríuerla við brúnina austan Þjófaurðar. Kjóapar var þar sunnan við veginn upp á Háey rétt neðan brekkunnar, líklega með hreiður. Á Lágey sáust alls 4 spóapör og 3 tjaldspör sem voru líklegir varpfuglar. Aðrir líklegir varpfuglar uppi á Lágey, að kríu og æðarfuglum undanskildum, voru steindepill, þúfutittlingar, hrossagaukur og lóa. Aðeins fannst eitt æðarhreiður uppi á Lágey, í suðurjaðri svæðisins sem merkt er með um 70 para varp á mynd 1. Þar skammt frá fannst lundahræ sem greinilega hafði verið étið af rándýri þar sem bein höfðu verið bruðin og skitur úr ref fannst þar hjá. Því má álykta að hræið hafi verið étið skömmu áður af ref (2. mynd)

Kríur fundust verpandi á þrem stöðum, alls um 70 líkleg hreiður. Af þeim voru um 38 hreiður suðaustan og sunnan við tjörnina og um 27 hreiður við þar sem nú er komið bílastæði og salernishús. Þar var áður kríuvarp og er hún enn þar en rétt austan við þar sem nú er bílastæðið. Vestan við veginn móts við bílastæðið voru tvö kríupör og fjögur pör aðeins norðar.

Gengið var undir kletta norðan á Lágey þar sem aðal æðarvarpið hefur verið undanfarin ár. Greinilegt var þegar þangað var komið að æðarvarp var með minna móti. Ekkert fannst af æðarhreiðrum fyrr en komið var alveg austast undir klettunum þar sem sett hafði verið upp refaheld girðing og mikið af veifum og flöggum austan við hana. Ekki var farið yfir girðinguna til að trufla ekki varpið þar. Landverðir og umsjónarmenn æðarvarps hafa undanfarin ár merkt æðarhreiður inn á GPS tæki og talið og gefið út í árlegri skýrslu um landvörslu í eyinni⁶ og ætti að vera hægt að fá þar áætlaðan fjölda æðarhreiðra í eyinni. Ekki sáust æðarfuglar á ósnum norðan við eyna.

⁶ Birgir Örn Sigurðsson og Eva Dögg Þorsteinsdóttir 2013. Óbirt skýrsla um landvörslu í Dyrhólaey 2013.



Mynd 2 Nýlega étið undahræ í Lágey og saur úr ref sem fannst þar skammt hjá.

3 Umræða

Ástand fuglalífs í Dyrhólaey í byrjun júní virtist vera með lélegra móti hvað varðar æðarflugl og kríu. Í ferð sem farin 10 júní 2015⁴ og þar á undan 28. júní 2013⁷ var kríuvarp mun meira en nú eða um 100-120 pör 2015 og um 315 pör 2013. Á svæðinu þar sem nú er komið nýtt bílastæði og salernishús var áætlað að væru um 80-100 pör árið 2015 en aðeins um 31 pör nú. Það er um 40% af kríupörum á eyinni nú sem er öfugt við það sem áður hefur verið þegar meirihluti kríu hefur orpið þar. Nú var hlutfallslega mun meira af kríu á svæðinu sunnan tjarnarinnar. Krían hefur átt erfitt uppdráttar á sunnanverðu landinu undanfarin áratug eða svo þannig að sveiflur í varpi milli ára geta stafað af ástandi sjávar. Ekki er vitað almennt um ástand kríu á þessu svæði, hvort það er jafn lélegt og var í Dyrhólaey eða hvort varp í eyinni hefur minnkað meira vegna þess að þrengt hefur verið að varpi með byggingu salernishúss og bílastæðis. Tíminn mun leiða í ljós hvort um varanlega breytingu verður að ræða á fjölda kríu í Dyrhólaey eða hvort hún flytur sig til innan eyjunnar. Hlutfallslega meiri fjöldi við tjörnina gefur vísbendingu um að svo gæti orðið.

Æðarvarp virtist með lélegra móti og fannst einungis eitt æðarhreiður uppi á Lágey sem er það minnsta sem fundist hefur sbr. þau minnisblöð Verkís sem hér er vitnað til og skýrslu NÍ frá 2000. Þá virtist sem æðarvarp undir klettum norðan á Lágey hafi verið með minna móti en talningar landvarða og þeirra sem nytja æðarvarpið munu segja til um það.

Landvarsla og uppbygging aðstöðu og stíga þarf að haldast í hendur við aukinn fjölda ferðamanna sem hefur orðið undanfarin ár svo takast megi að vernda fuglalíf í eyinni. Þar hafa verið framfarir undanfarin ár, m.a. með afmörkun stíga meðfram suðurströnd eyjunnar.

Enn finnast ummerki um ref líkt og áður og gæti það skýrt lélegt ástand kríuvarps ásamt byggingum og einnig áframhaldandi lélegt ástand æðarvarps. Mikilvægt er að leggja áherslu á að verja eyna gegn ágangi refa og minka ef vilji er til að hlúa að varpi í eyinni.

⁷ Verkís 2014. Dyrhólaey – Önnur vettvangsferð 2013. Minnisblað 4. apríl 2014